

# Snillitímar í Gerðaskóla



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2018-2019


Nafn skóla: Gerðaskóli

Nafn verkefnisins: Snilltími

Nafn verkefnisstjóra: Freydís Kneif Kolbeinsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS 11 / 2018 – 2019


### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:**



Sjálfstæðari nemendur sem sýna frumkvæði í eigin námi. Nemendur sem líður vel í eigin skinni, þekkja eigin styrkleika, nýta sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu. Aukin færni nemenda í að nota mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. Nemendur sem fá

tækifæri á að blómstra og verða snillingar í ákveðnu efni og þar sem kennrarar og annað starfsfólk kynnist nemendum í gegnum hugðarefni þeirra. Við starfsmennirnir verðum þar með að nemendum þeirra og þeir fræða okkur.

### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:**



Við settum snilltíma í stundatöflu miðstigs. Tvisvar í viku, tveir tímar í senn. Samtals fengu því nemendur 160 mín. á viku í snilltímana. Við höfðum til umráða flestar verkgreina-stofnar, kennslustofur árganganna og sal skólans. Við upphaf vetrar voru fyrirlestrar fyrir bæði

nemendur miðstigs og alla starfsmenn skólans. Þar næst var vinnustofa fyrir kennara og stuðningsfulltrúa snilltímannar þar sem farið var í markvissa vinnu við skipulagningu vetrarins. Nemendur hófu starfið einnig á fyrirlestri og vinnustofu þar sem farið var í hvernig ferlið yrði og nemendum voru sýnd nokkur stutt myndbrot af nemendum (þar sem snilltímar hafa verið innleiddir) í verkefnavinna og verkefnaskil þeirra. Hæfniviðmið voru kynnt nemendum og útskýrt hvernig þeir eiga að leiða vinnuna. Verkferlar voru vel útskýrðir og lítið æfingaverkefni gert til að sýna þeim ferlið. Foreldrar nemenda komu á fyrirlestur um snilltímana og var þeim í kjölfarið boðið í lokaðan hóp á Facebook. Þar settum við inn myndir og tilkynningar allan veturinn. Við auglýstum opnu húsin og kynningar nemenda bæði á Facebook síðunni og heimasíðu skólans. Samtöl nemenda við starfsmenn á meðan verkefnavinna átti sér stað og eftir að verkefni lauk skiptu miklu máli. Opnar spurningar um ferlið hjá þeim hafði mikið að segja um hvernig verkefnin þróuðust og ýttum við undir að gestir á kynningunum spyrðu nemendur út í ferlið. Þannig fengu nemendur tækifæri til að velta fyrir sér ferlinu og einnig styrktust þau í því að tala opinskátt um verkefnin sín og hvernig vinnan gekk.

### Frávik miðað við áætlun verkefnisins:



Frávik miðað við áætlun hafa ekki verið mikil. Við áætuðum þrjár kynningar á verkefnum nemenda en enduðum með fjórar. Það var á áætlun að vera með vinnustofu kennara í desember þar sem við ætluðum að yfirfara verkferla og lagfæra og leggja línurnar fyrir næstu önn. Skoða hvað gekk upp og hvað ekki - hvernig gerum við betur. En við sáum fljótlega eftir að við byrjuðum að við vorum að funda mun oftar og vorum því að yfirfara verkferla jafnóðum og við

sáum að þess þurfti. Við munum hins vegar halda vinnustofu, fyrir þá starfsmenn sem tóku þátt, bæði núna á starfsdögum eftir skólaslit og í ágúst áður en við hefjum næsta skólaár. Við ákváðum einnig að hafa two fyrirlestra núna í maí fyrir foreldra og nemendur í 4. bekk en þessi hópur mun hefja nám í snilltínum í haust. Við vildum að þau færu inn í summarfríið með

þessa tíma á bak við eyrun, þannig gætu fjölskyldurnar átt samtal í sumar um áhugasvið barnanna og hvaða verkefni væru spennandi að vinna þegar skólinn byrjar aftur.

### **Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins:**



Fastir starfsmenn snillítíma voru sjö kennarar og 3 stuðningsfulltrúar. Einn kennarinn var mikið frá í veturna vegna veikinda og því vorum við stundum undirmönnuð. Skólastjórnendur brugðust þó vel við eftir áramótin og bættu starfsmönnum í hópinn eftir því sem þurfti. Stuðningsfulltrúar voru færðir til og nýttir betur í þessum tíumum. Ein helsta hindrunin snerist um kennslurými.

Tímarnir voru tvívar í viku og annan tímamann var hvorki myndmenntastofan né heimilisfræðistofan laus. Kennarar í þessum stofum sýndu einstaka þolinmæði á þessum dögum er nemendur snillítíma fengu að pota sér í eitt hornið til að vinna, nú eða komu til að fá eitthvað að láni. Enn að lokum urðum við þó að stöðva notkun á þessum stofum þennan vikudag þar sem ekki var hægt að bjóða nemendum sem voru í námi í þessum stofum upp á þessa truflun.

Það kom okkur helst á óvart í verkefninu að ein af stærri hindrunum sneri að nemendum sjálfum. Þeir áttu margir hverjir mjög erfitt með að finna hvar áhugasvið þeirra liggur. Fundu ekki verkefni án aðstoðar og margir nemendur virtust ekki eiga sér nein áhugamál. Það fór mikill tími í að sinna þessum nemendum og fara með þeim í sjálfskoðun, kenna þeim að þekkja sjálfan sig og hvar ástríða þeirra liggur. Sumir þessara nemenda náðu ekki að komast á flug í snillítínum og formið eins og það er núna á tímunum hentar þeim ekki. Það mun því nokkur skipulagsvinna fara í það að aðlaga tímana að þessum nemendum svo þeir fái tækifæri til að blómstra og verða virkari í tíumum.

Efnisöflun fyrir nokkur verkefni nemenda voru einnig hindrun sem bæði nemendur, starfsmenn og heimili þurftu að fást við. Sumir nemendur gripu til þess ráðs að setja upp auglýsingi í kjörbúð bæjarins eftir þeim hlutum sem þá vantaði. Samfélagsmiðlar voru notaðir og einnig komum við af stað efnisveitu í geymslurými þar sem starfsmenn hófu markvisst að safna ákveðnum hlutum sem mikið fór af t.d. pappi, krukkur, spýtur, tappar og fleira.

## Helsti áviningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:




Sjálfstæði nemenda hefur aukist til muna. Nemendur eru betur í stakk búnir að takast á við áskoranir í verkefnavinnu. Þolinmæði nemenda efldist. Einnig var gaman að sjá hvað nemendur voru duglegir að hrósa hver öðrum á kynningum þegar þeir sáu verkefni annarra úr hópnum. Skoðanakönnun meðal nemenda sýndi að nemendur höfðu lært ýmislegt að eigin mati í þessum tíum:

Tafla 1. Hvað lærðir þú í snilltínum í vetur?— Þú mátt merkja við meira enn einn möguleika

Ég lærði að skipuleggja vinnuna mína	30.43%
Ég lærði að nota verkfæri sem ég kunni ekki á áður	21.74%
Ég lærði að vinna sjálfstætt (þurfti ekki eins mikla aðstoð og áður)	28.99%
Ég lærði betur hvaða áhugamál ég hafði	37.68%
Ég lærði að ég get gert miklu meira en ég hélt	44.93%
Ég fékk nýtt áhugamál eftir að hafa verið í snilltíma	21.74%
Ég lærði að spyrja aðra um aðstoð	17.39%
Ég lærði þolinmæði	18.84%
Ég lærði að búa til vel gerðar kynningar á verkefnum	24.64%
Ég lærði að virða verkefni annarra	13.04%
Ég lærði að vinna að verkefnum sem skipta mig máli	11.59%
Ég lærði að vanda mig betur við verkefnavinnuna	24.64%
Ég lærði að stundum gat ég ekki gert verkefnið eins og ég vildi af því að það var of erfitt	21.74%

Niðurstöður skoðanakönnunar meðal foreldra var okkur mikil hvatning. Foreldrar voru sammála um að snilltíminn hefði jákvæð áhrif á barn þeirra og yfir 90% sögðust hafa góða eða mjög góða upplifun af snilltínum.




Foreldrar höfðu meðal annars þetta að segja í lok könnunarinnar þar sem þeim gafst tækifæri á að tjá sig um tímana:

*“Snilltímarnar eru algjör snilld, frábær viðbót við skólastarfið og eru uppáhaldstími barnanna minna”.*

*“Ótrúlega ánægð með snilltíma og vil endilega að þeir festi sig í sessi um komandi ár. Hefur jákvæð áhrif á líðan barnsins í skólanum og vekur tilhlökkun um að mæta í skólann þá daga sem snilltímar eru. Áfram snilltímar!”.*

*“Bara frábært verkefni i alla staði. Vel gert - metnaðarfullt og frábær viðbót í skapandi skólastarf”.*

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:




Snilltímar hafa haft áberandi áhrif á skólastarf í vetur. Á miðvikudögum og föstudögum hafa gangar skólans verið iðandi af lífi, þar sem sjá má snillítímanemendur á leið sinni að græja og gera, þeir þurfa sjálfir að nálgast verkfæri og gögn sem þeir þurfa. Því má sjá þá á ferð sinni til húsvarðar, gangavarða eða annarra starfsmanna að athuga hvort þau eigi hitt og þetta sem gæti nýst þeim. Nemendur á miðstigi hafa margir hverjir blómstrað í þessum tínum. Það hefur verið gaman að sjá hugmyndir kvikna, þróast og verða að frábæru námstækifæri fyrir alla, nemendur og kennara.

Það er mat okkar að snillítíminn hefur gengið framar vonum. Nemendur eru í heild sinni ánægðir með tímana og til marks um það hefur þó nokkuð oft heyrst kvörtun yfir því að tími falli niður vegna starfsdags eða lögbundinna frídaga. Nemendur eru svekktir og vilja fá þessa tíma bætta.

Nemendur sýndu nokkur verkefni hver yfir veturninn á opnum húsum þar sem aðrir nemendur skólans, foreldrar og aðrir í nærsamfélagit komu og skoðuðu afrakstur tímannar. Þessar kynningar voru spennandi fyrir aðra nemendur í skólanum og nú er staðan sú að nemendur á yngsta stigi bíða eftir að komast á miðstig og í snillítíma, mörg yngstu barnanna eru nú þegar með hugmyndir um verkefni sem þau vilja gera. Eldri nemendur hafa sýnt þessu áhuga og eru dugleg að spyrja nemendur um verkefnin á opnu húsi.

## Niðurstöður verkefnisins:




Það kom mjög sterkt fram í verkefninu að nemendur geta mun meira en þau halda í upphafi. Þegar þeir fundu að við treystum þeim til að finna út hvað var best fyrir þeirra verkefni og gáfum þeim tækifæri til vinna sjálfstætt án mikilla afskipta okkar (við aðstoðum eftir þörfum) þá fundu þeir yfirleitt lausnir á

vandamálum sem komu upp og voru viljugri að ráðast í verkefni sem gera kröfur til þeirra. Til marks um hversu áhugasamir nemendur eru þá svörnuðu tæplega helmingur allra nemenda (48.1%) í 5. og 6. bekk því að þau væru með hugmyndir að verkefni til að vinna þegar skólinn byrjar aftur í ágúst.

Það var samdóma álit allra sem að verkefninu koma sem og stjórnendum skólans að halda ætti áfram næsta veturn með verkefnið. Heildarniðurstaða verkefnis eftir þennan fyrsta veturn er:

*Snilltímar eru stórkostlegt verkfæri sem gefa nemendum tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum við nám.*

### Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:



Kynning á verkefninu hefur verið unnin jöfnum höndum allan tímann. Við höfum fengið umfjöllum í fjölmiðlum á svæðinu. Viðtal um verkefnið birtist í [sjónvarpi Víkurfréttu](#) (byrjar á 17 mínuðu) í desember

síðastliðnum. Árlegt blað/tímarit Garðbúa, Skiphóll, fjallaði einnig um verkefnið. Starfsmenn í skólanum hafa verið duglegir að tala um verkefnið þar sem þeir koma t.d. á samráðsfundum með öðrum á svæðinu og í kjölfarið höfum við fengið fyrirspurnir frá öðrum skólum á Suðurnesjunum um verkefnið. Fjórar kynningar/opin hús þar sem nemendur kynntu afrakstur vinnu sinnar hafa verið haldnar við góðan orðstýr og mikla aðsókn. Niðurstöður skoðanakannana sem gerðar voru meðal nemenda og foreldra verða einnig kynntar foreldrum og starfsmönnum skólans í haust þegar starfið byrjar aftur. Við munum halda áfram að segja öðrum frá verkefninu okkar með von um að þessi nýi kennsluháttur breiðist út.

Dagsetning:

Freydis Kneif Kolbeinsdóttir

Undirskrift verkefnisstjóra

Eva B. Sveinbjörnsdóttir

Undirskrift skólastjóra á byrgðarskóla

